

juuli 82 239
Malle

1

Ágæta framkvæmdanefnd:

Sem þið lesið þetta sit ég í langferðabíl vél nestuðum af mannskap og munaði á leið austur í Gnúpverjahrepp og til baka aftur ef veður lofar. Þið eruð heopnar að sjá ekki til míni núna, því það er ekki vandræðalaust fyrir laglausa og flaumósa manneskju að syngja Jósep-Jósep (eitt af mínum uppáhaldslögum) og slá réttan takt á læríð og súpa á og reykja og rifast um réttmæti Kvennaframboðs - allt í sömu andránni í veltandi rútubílasæti og það í hópi svo mosagrínna afturhaldsseggja sem mun að finna í förunevtinu ef ég man rétt sem ég geri þó eflaust ekki eins og ég er á mig komin þessa stundina.

Samt ekki svo illa að ég muni ekki eftir ykkur á Hotel Vík á félagsfundi, ykkar vegna vona ég að það sé rigning í Reykjavík. Og ég vil endilega koma á framfæri örfáum hugmyndum um starfið framundan, þó eflaust hafi margar aðrar fendið nákvæmlega sömu huamyndir og þetta sé algjör óþarfí.

1) Leshringir og kiaftaklúbbar.

Af viðræðum við konur, sýnist mér gífurlequr áhugi myndi værða fyrir slíkum upoákomum og að mikil nauðsyn sé á að drífa í slíku sem fyrst þrátt fyrir sumarkomuna. Mér hefur um leið fundist að t.d. eldri konur, sem áhuga hafa, veigri sér við að þá tilhugsun að koma í stóran hóp ungra, galvaskra, meðvitaðra og frekra kvenna og dettur í hug þótt það hljómi þó voðalega halló, að til gæti orðið til að bvrja með leshringur sérstaklega fyrir eldri aldurshópa, mamma míni svo dæmi sé tekið, hefði rosalega gaman af að hitta konur á svipuðum aldri (55-65-70) og raunar hafa þær konur e.t.v. annars konar mál að ræða en við sem miklu vngri eru. Ef hægt væri að standa að hví á kurteisan hátt held ég betta sé ekki alvitlaus hugmynd. Frékari skipting aldurshópa gæti jafnvæl fylgt. Þetta væri vitanlega í hví augnamiði að hóparnir næðu saman áður en yfir lýkur, hér er ekki um að ræða einhverja gettó-hugmynd frá minni hálfu heldur liður að baki sú tilfinning, að "reynsla og viðhorf" (djöfull, ég ætlaði ekki að segja þetta aftur!)

L

kvenna er ekki síst breytileg eftir aldri og sér-stakir hópar gætu upplýst um þann breytileika auk þess sem þeir gætu mögulega orðið hvatning til að mæta.

2) Útgáfa.

Kvennafræmboð gefi út mánaðarlegt rit, ódýrast í dagblaðsformi, sem mætti þróa í tímaritsform með aldrinum þegar við verðum ríkari. (Hér er átt við útlit aðeins.)

Mánaðarútgáfan (náiði þessum:) yrði hvað innihald varðar, tímaritslegri en dagblað. Í blaðinu yrðu greinar, íslenskar og erlendar þýddar, fréttir, sem lítið sem ekkert rúm fá í karlstýrðu pressunni, bæði innlendar og erlendar, sem varða konur.

Gott væri að hafa gagnrýnendur listgreina, ~~skrá~~ auðv. úr röðum kvenna - sem hefðu fasta bætti.

Kynning á konum úr sögunni gæti verið annar fastur þáttur, mannkynssagan endurskoðuð...

Mér fyndist alls ekki úr vegi að hafa framhaldssögu

það eru svo fjári margar skáldsögur til á útlensku sem ekki hafa verið þýddar og verða eflasut ekki á okkar tímum, ein slík gæti komið til greina. Æg er að hugsa um höfunda á borð við Doris Lessing, Fay Weldon, V.Woolf... Úrvalsrit, sem allir ættu að hafa aðgang að en aðeins þeir, sem kunna útlensku geta lesið eins og stendur, sem auðvitað fyrir neðan allar hellur.

Kynningar á erlendum bókum um konur, þ.e. ekki endilega lit. heldur þær, sem varða politíkina okkar, ættu ða vera fastur þáttur líka. Við gætum jafnvel samið við bókabúð um að fara að selja slíkar bækur (við ættum einhvern tímann að koma upp okkar eigin bókabúð::)

Hvað varðar borgarmál, þá dettur mér í hug að sá liður gæti verið í "kálfi", þar birtust t.d. allar tillögur okkar og beirra meðferð, fréttir úr borgarstjórn, úr starfi hópa um borgarmál os.f.r. Borgarfulltrúar mættu jafnvel skrifa okkur bréf í lettum dúr um karlapolítíkina - af nágu er að taka maður:: "Kálfurinn" yrði endanlega þannig að þeir sem áhuga hafa á borgarmálum geti safnað honum og átt áhrif kvennaframboðs í Reykjavík svört á hvítu að loknu kjörtímabilinu.

Dreiðing

Safnað yrði áskrifendum. Á þá hugmynd, sem fram hefur komið að blaðið fylgdi ókeypis félagssgjöldum, líst mér ekki. Þeir held að ótal ótal margir myndu vilja gerast áskrifendur og pæla í þessum málum með okkur að bess að vilja gerast félagar í samtökunum (þeir skipta auðvitað smátt og smátt um skoðun... en það tekur sinn tíma) Áskrifendur yrðu ekki aðeins úr Reykjavík heldur af öllu landinu. Við þurfum að koma okkur upp kontaktkvennalista í öllum krummaškuðum: Umboðsmönnum. Auk þess yrði blaðið auðvitað selt í lausasölu. Þetta býðir allt að líklega þyrftum við að hafa vel skipulagan dreiðingarstjóra. Auglýsingasafnara þarf líka að hafa, e.t.v. geta þessi störf farið saman, þó veit ég það ekki. Einhver minntiðst á að þyrrja að safna áskrifendum 19. júní. (Gæti ekki verið hægt að koma frétt um nýtt kvennablað í 19. júní blað KRFÍ). Sniðug hugmynd, en þá þarf að liggja ljóst fyrir hvenær von er á fyrsta blaði. Fyrsta tölublað í Agúst? Ef hægt er að koma því við, mætti láta fólk borga sex mánaða áskrift í einu, þá fengjum við inn góða gommu af aurum.

Kostnaður

Blaðaprent myndi gefa afslátt ef um samning væri að ræða til lengri tíma. Þykkari pappír (sbr. Helgarpóstur) er of sadýr, en athugandi hvort við gætum splæst í þykkari útsíður?

Meira má ég ekki vera að að skrifa. Þeir óska ykkur góðs og árangursríks fundar og sjálfri mér góðrar ferðar. Starkveðjur

Maillar.

Þegar ef nipp kemur tillaga um
10% skatt af landum til brygastarfum
Sín fari í hér Kvæmabambur,
Þeidi eg feli til ògu afkvæði.

Magdalensdóttir.